

Mánudaginn 30. nóvember 1936.

Nr. 96/1936. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Þorgeiri Pálssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til refsingar eftir 4. gr. laga nr. 5 frá 1920 fyrir að veita togurum upplýsingar um ferðir varðskipanna.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði, Þorgeir Pálsson, greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Garðars Þorsteinssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með tilliti til dagsgengis islenzkrar krónu, sem nú er 49.02, og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að í stað sektarinnar komi 5 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði og kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að í stað sektarinnar komi 5 mánaða einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna

frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði, Þorgeir Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorgeiri Pálssyni, framkvæmdastjóra, til heimilis á Lindargötu 19 hér í bænum fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir eigi áður svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi dags. 20. október s. l. fól dómsmálaráðuneytið tveim mönnum að rannsaka það, hvort togarar, sem stunda veiðar hér við land, mundu með skeytum úr landi vera látnir vita um hreyfingar varðskipanna. Athuganir þessara manna leiddu til þess, að þeir 8. janúar s. l. gáfu skýrslu um þær til ráðuneytisins þess efnis, að þeir teldu nokkra menn vera grunsamlega um að hafa gefið togurum slíkar upplýsingar, sem að framan greinir, með loftskeytum, og færðu rök að þessu áliti sínu. Með bréfi dags. 9. janúar s. l. fyrirskipaði ráðuneytið síðan réttarrannsókn í máli þessu, sem hófst samdægurs, og leiddi til þess, að nokkrir menn, þar á meðal kærði, játuðu, að hafa orðið sekir um fyrrgreint athæfi.

Með bréfi dags. 29. apríl 1935 var kærði skipaður umboðsmaður togaraútgerðarfélagsins H. Markham Cook, Ltd. Grimsby, og hefir hann verið það síðan. Er kærði var orðinn umboðsmaður þessa útgerðarfyrtækis, kveðst hann hafa tekizt á hendur að senda togurum þess upplýsingar um ferðir og dvalarstaði varðskipanna, er þess var óskað, og sendi hann upplýsingar þessar í loftskeytum á dulmáli samkvæmt dulmálslykli, er hann fékk afhentan í þessu skyni. Til rannsókna og afnota í máli þessu hafa verið tekin dulmálsskeyti þau, er fyrirfundizt hafa í skjalasafni Landsimans frá kærða til togara og öfugt, og

hafa skeyti kærða til 4 togara fyrrgreinds útgerðarfélags verið ráðin með dulmálslykli, er kærði afhenti í upphafi rannsóknarinnar. Er það mikill fjöldi skeyta, sem kærði hefir sent þessum skipum með upplýsingum um varðskipin. Auk þeirrar upplýsingarstarfsemi, sem kærði þannig rak, eftir að hann varð umboðsmaður umrædds útgerðarfélags, hefir kærði jatað að hafa áður látið þeim skipum sama félags, er Páll Sigfússon var fiskiskipstjóri á, í té samskonar upplýsingar um varðskipin og að framan greinir, en það voru skipin Lincolnshire og síðar Berkshire. Þetta hefir Páll Sigfússon staðfest, en eigi hefir tekizt að ráða nein þau skeyti til skipa þessara, er liggja fyrir frá því áður en kærði tókst á hendur hið almenna umboð fyrir félagið.

Kærði hefir jatað, að sér hafi verið ljóst, að upplýsinga þessara var óskað með tilliti til landhelgiveiða viðkomandi skipa, enda felst í sumum skeytum skipstjóranna til kærða játningar um, að þeir ýmist ætli eða séu að veiða í landhelgi. Þá hefir og Páll Sigfússon jatað, að skip þau, er hann hefir verið fiskiskipstjóri á og notið hafa upplýsinga kærða, hafi oft veitt í landhelgi.

Eigi kveðst kærði hafa fengið nein sérstök laun fyrir upplýsingastarfsemi þessa, hvorki áður né eftir að hann varð umboðsmaður félagsins.

Framangreind starfsemi kærða, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togurum þeim, sem hennar nutu, við landhelgiveiðar, svo og til þess að gera þeim mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920. Með tilliti til þess, hversu umfangsmikil og langvarandi þessi starfsemi kærða er og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 8000.00 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200.00, til skipaðs verjanda síns, hrn. Garðars Þorsteinssonar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.